

Efnisyfirlit

Inngangur	bls.	1
I. Atómskáldin	-	2
I.I. Vökunótt í vita	-	2
I.II Stefnur og straumar	-	3
I.III Hefð og nýsköpun	-	4
II. Dymbilvaka	-	6
I. hluti - „Brúðkaupsljóð manns og moldar“	-	6
II. hluti - ljónspófar og liljuvendir	-	9
III. hluti - „dýpra en eigin vitund“	-	10
IV. hluti - Kóralforspil hafsins	-	12
V. hluti - Í steindri þögn	-	13
III. Úr sársaukafullum myrkviði	-	16
Heimildaskrá	-	18
Fylgiskjöl (glærur)		
Dymbilvaka, hliðstæður og andstæður		
Dymbilvaka, tími, umhverfi, litir		

Inngangur

Ritgerð þessi er skrifuð í námskeiðinu Ljóðagerð 20. aldar við Háskóla Íslands, vorið 1993. Hún fjallar um Hannes Sigfússon og fyrstu ljóðabók hans, *Dymbilvöku*. Fyrst mun ég minnst á atómskáldin svonefndu, þá vík ég að rótum *Dymbilvöku* í bókmenntastefnum og straumum, þ.e. „móðernisma“ og súrrelisma, og reifa stuttlega viðhorf Hannesar til hefðar og nýsköpunar í ljóðlist. Loks ræðst ég til atlögu við ljóðabálkinn sjálfan. Þar fæst ég við myndmál, stílbrögð ýmskonar og túlkun, en ég er þeirrar skoðunar að ljóðið lýsi vel angist nútímamannsins og spretti “úr sársaukafullum myrkviði tilfinninga og skynjana”¹. Ég tel að það eigi brýnt erindi við mína kynslóð, þótt það sé tæplega hálfrar aldar gamalt, þar sem yrkisefni þess eru sígild, þ.e. lífið og dauðinn, frelsi og ófrelsi, ástir og stríð.

¹ sbr. Ólafur Jónsson 1979, *Líka líf*, bls. 50

I. Atómskáldin

Á 5. áratugnum urðu miklar og hraðar breytingar á íslensku samfélagi í kjölfar heimstyrjaldar, hernáms, nýrrar tækni og hugmynda. Samfara þeim sviptingum komu ný sannindi fram og viðtekin gildi voru endurskoðuð, a.m.k. meðal þeirra sem voru með fingurinn á slagæð erlendra menningarstrauma. Tilvistarkreppan hélt innreið sína og andlegir frömuðir eins og Freud og Nietzsche höfðu kippt fótunum undan lífsviðhorfum fólks, Freud með uppgötvun dulvitundarinnar og Nietzsche með tilkynningunni um svíplegt fráfali Guðs. Beinna áhrifa þessara atburða gætti e.t.v. ekki svo mjög hjá almenningi hér á landi, en trúlega á sú hugarfarsbreyting sem varð í kjölfar þeirra, nokkurn þátt í formbyltingu íslenskrar ljóðagerðar. Hinum nýja veruleika var ekki mögulegt að gera skil innan ramma hefðarinnar og vakning varð í menningu og listum. Ljóðlist á Íslandi var að margra mati komin í sjálfheldu þegar fram á sjónarsviðið komu hin svokölluðu „atómskáld“. Þau höfnuðu ofurvaldi hins hefðbundna ljóðmáls og leituðu að tjáningarhætti sem hæfði hinum nýjum tímum. Atómskáldin eru þeir Einar Bragi, Jón Óskar, Sigfús Daðason, Stefán Hörður Grímsson og Hannes Sigfússon².

I.I Vökunótt í vita

Hannes Sigfússon fæddist í Reykjavík þann 2. mars 1922. Bernsku sinni, uppvexti og manndómsárum hefur hann lýst í endurminningum sínum, *Flökkulífi* (1981) og *Framhaldslífi förumanns* (1985). Þar segir m.a. frá kynnum Hannesar af Steini Steinari, Jóni úr Vör og fleiri skáldum. Hannes gekk lengi með skáldagrillur, en alltaf stóð á andagiftinni þegar til átti að taka. Það var Steinn Steinarr sem kom Hannesi í Reykjanesvita, þar sem hann fann loksins þann frið sem hann þurfti til að yrkja.

[...] vökunætur mínar í vitanum leystu úr læðingi undarlega runu orða og setninga sem oftast virtust vera úr samhengi eins og þegar talað er upp úr svefni. Hún hófst á orðunum: "Ég sem fæ ekki sofið..." og hélt áfram að detta niður á pappírinn eins og dropar úr lekum krana. Brátt varð ég gripinn nokkru andrúki af þessum dryplanda, enda var hann háttbundinn eins og ljóð ef hlerað var eftir. Loks var mér ljóst að ég var byrjaður á löngu kvæði.³

² Eysteinn Þorvaldsson 1980, *Atómskáldin*, bls. 101

³ Hannes Sigfússon 1985, *Framhaldslíf förumanns*, bls. 41

Þannig varð ljóðabálkurinn *Dymbilvaka* til, en Hannes gaf hann út á bók á eigin kostnað árið 1949. Um þær mundir sem bókin kom út var heimstyrjöldin síðari mönnum í fersku minni svo og kalda stríðið, og hafa menn oft viljað tengja kvæðið þessum sögulegu atburðum, eins og skiljanlegt er. En ljóðið býður upp á ótal fleiri túlkunarmöguleika og sannast hér sígildi góðra ljóða sem fá nýja túlkun með hverjum nýjum lesanda.

Nafn ljóðabálksins er nýyrði og nokkuð sérkennilegt, en það er sambræðsla úr orðunum *dymbill* og *andvaka*. *Dymbill* er trékólfur sem settur var í kirkjuklukkur síðustu vikuna fyrir páska til að deyfa hljóminn svo ró manna væri ekki raskað meðan menn minntust páska Krists.⁴ Upphafsorð kvæðisins, „Ég sem fæ ekki sofið...“ vísa til síðari liðar nafnsins, vaka sem tengjast óróa, eirðarleysi (og er undirstrikað af hinum iðandi silkiormum) og andvökum.

Bókin olli nokkrum úlfabyt þegar hún kom út en segja má að hún marki upphafið að þeirri sókn atómskáldanna sem gerði *móðernismann* að áhrifaafli í framvindu ljóðlistar hér á landi.⁵

I.II Stefnur og straumar

Móðernismi er vandskilgreindur, en orðið er samheiti yfir ákveðnar þróunartilhneigingar í skáldskaparlist Vesturlanda frá síðari hluta 19. aldar og allt fram á vora daga.⁶ Menn hafa lengi glímt við að finna sameiginleg viðfangsefni móðernisma bæði í formi og inntaki. Eysteinn Þorvaldsson segir frá því í bók sinni um atómskáldin hvernig móðernistar beita ákveðinni máltækni og máltöfrum, hvernig þeir raska hefðbundinni málbyggingu, efla myndmálið og velja sér önnur yrkisefni og þemu en áður tíðkuðust.⁷ Halldór Guðmundsson segir að eftirtalin atriði séu sameiginleg móðernískum skáldum; efinn um sjálfsvitundina, firring mannsins í heiminum, gildiskreppa, einangruð staða skáldsins og heims-

4 Íslensk orðabók 1983, bls. 154

5 sbr. Eysteinn Þorvaldsson 1980, Atómskáldin, bls. 154

6 sbr. Halldór Guðmundsson 1978, „Sjödægra, móðernisminn og syndafall Íslendinga“ bls. 3 (grein í Svart á hvítu)

7 sbr. Eysteinn Þorvaldsson 1980, Atómskáldin, bls. 218-279

endasýn.⁸ Og Örn Ólafsson vitnar í Hugo Friedrich og segir að móðern ljóð spanni stærra svið mannlífs en rök hugsun og þau einkennist því af andstæðum, spennu milli ljóðs og lesanda, framandlegu máli, ópersónulegri sköpun, nýrri beitingu myndmáls þar sem t.d. sundurleit atíði eru tengd saman, og loks sé merking aukaatriði.⁹ *Dymbilvaka* Hannesar Sigfússonar hefur flest þau einkenni sem þeir félagar nefna. Auk þess eru súrrealistísk áhrif greinileg.¹⁰ Einkenni *súrrealisma* sem birtast í *Dymbilvöku* eru t.d. þessi:

Hlutföllum skynjunar og skynsemi er raskað með ýmsum hætti og þanþol tungumálsins er reynt til þrautar. Myndmálið er oft kunnuglegt - reist á bókmenntum fyrri tíma. Þó hefur það breyst að yfirbragði því að viðfangsefnið er nú sálarlíf manneskjunnar en ekki stríð hennar við æðri máttarvöld; baráttan er þó í sjálfu sér hin sama og áður - við undrið og óhugnaðinn, engilinn og djöfulinn.¹¹

Öll skynjun í *Dymbilvöku* er óljós, margar myndir eru órökréttar og málbeiting fersk og framandi þótt myndmálið sé oft sótt í þekktar þjóðsögur og goðafræði. Ljóðið fjallar ekki endilega um ringulreiðina í heimsmálunum eftir heimstyrjöldina síðari eins og menn hafa haldið fram, heldur getur það líka lýst glundroða sálarlífsins, eins og ég mun leiða í ljós.

I.III Hefð og nýsköpun

Pegar *Dymbilvaka* kom út var krafan um hefðbundið ljóðform rík hjá þorra fólks. Margir brugðust ókvæða við hinu frjálsa formi, en atóm-skáldin létu það ekki á sig fá. Þótt hefðbundið form sé ekki drottnandi í *Dymbilvöku*, er hrynjandi hennar nokkuð regluleg á stundum, stuðlasetning er víða og ríms gætir nokkuð. Myndmálið er glæsilegt en torrætt, vísanir óljósar og samhengið slitrótt. Örn Ólafsson telur að kvæðið sé nýstárlegt að inntaki, en rammlega hefðbundið í formi;

En minna fer fyrir röklegu samhengi, satt að segja virðist mér samhengið víðast hvar ráðast af rími og stuðlun. Það hefur oft verið sagt ljóðum til lasts, en þá vegna þess að hugsun og

8 sbr. Halldór Guðmundsson 1978, „Sjödægra...“ bls. 4-5 (grein í Svart á hvítu)

9 sbr. Örn Ólafsson 1992, Kóralforspil hafsins, bls. 25

10 Um uppruna og rætur súrrealisma sjá t.d. Svein Skorra Höskuldsson 1970, Að yrkja á atómöld, bls. 26-7. Um stefnuskrá súrrealisma, sjá Breton, André, 1962, De surrealistiske manifeste.

11 Matthías Viðar Sæmundsson 1991, Myndir á sandi, bls. 110

myndir hafa verið vanabundin. En hér leiðir framvindan til óvæntra hluta.¹²

Víst er hefðin Hannesi í blóð borin og engan skyldi undra þótt hann beri þess merki í ljóðum sínum. Hann taldi sjálfur að formbylting gerði því aðeins gagn að ljóðið yrði sannara, en að formið eitt væri ekki sáluhjálparatriði.¹³ Einnig sagði Hannes í nýlegu viðtali að rím og hrynjandi séu bráðnauðsynleg í ljóði:

Mér finnst nútímaljóðagerð í nokkurri hættu vegna þess að skáldin hafa vikið til hliðar hrynjandi og forðast stuðla eins og heitan eldinn. Þetta eru tæki við ljóðagerð finnst mér og þó að það hafi verið gott að losa ljóðið úr fasttimbruðum formum hefðarinnar þá gerir ekkert til og gæti verið gagn að því að nota hrynjandina til dæmis. Því hrynjandin tjáir ákveðna hluti, hún má vel vera óregluleg en hún verður að vera [...].¹⁴

Hrynjandi *Dymbilvöku* gegnir mikilvægu hlutverki, hún er svo regluleg, a.m.k. framan af að hún er næstum sefandi eða svæfandi. Eins og áður sagði var formið á sínum tíma óhefðbundið og nýstárlegt, en inntakið var nýrra en allt nýtt. Í kvæðinu hrannast upp draum- eða öllu heldur martraðarkenndar myndir af einmana og lífsfirrtum manni sem leitar lífsfyllingar í fortíð og samtíð. Hann leitar að einhverju sem mætti verða honum og mannkyninu til bjargar, leitar en finnur ei...

12 Örn Ólafsson 1992, Kóralforspil hafsins, bls. 105

13 sbr. Hannes Sigfússon 1958, „viðtal við hannes sigfússon“ í Birtingi, bls. 32 (leturbr. Einar Bragi)

14 Silja Aðalsteinsdóttir 1989, „Hægt felldi ég heim minn saman“ viðtal í TMM, bls. 18-19

II. Dymbilvaka

Nú verður vikið að ljóðinu sjálfu eins og það lítur út í Ljóðasafni Hannesar (1982) en hann hefur breytt því allnokkuð frá frumprentuninni. Vísað er til línunúmera innan hvers kvæðishluta (í anda Eyðilandsins!). Það sem lögð verður áhersla á í hverjum hluta kvæðisins er túlkun þess, tími og rúm, viðlíkingar og myndhvörf, andstæður og hliðstæður, orðfæri, litir, vísanir (stef) og tákn. Þær niðurstöður sem hægt er að festa hendur á með góðu móti eru skráðar á skemu sem fylgja ritgerðinni.

I. hluti - „Brúðkaupsljóð manns og moldar“

Mælandi liggur andvaka í silkináttfötum sínum og horfir á draugalega birtuna í herberginu. Það er niðdimm nótt, tunglskin og „Kólgubakki í vestri“ (I.65). Hann fer að blaða í gamalli kvæðabók, en þá er eins og til hans komi gestur, en sá líkist mjög hinum heiðna Óðni m.a. vegna þess að hann er með hatt sem hylur andlit hans að hálfu (I. 6-8). Mannleg hjörtu eru gesti þessum hugleikin, hann hrellir ljóðmælanda með sögum af hvítum hvölum sem líða um silkisali og sötra hjörtu í gegnum skíðin (I.31-34) og af vofum sem leggja net sín í vötn:

Ég sagði
[...]
„Hvað fiska er það er vofur veiða
í vötnum landsins þegar tungl er fullt?“

Hann vætti bleikar varir, ótagrár:
„Þær veiða mannleg hjörtu - þitt og mitt.“
(I. l. 43-46)

Þessar myndir eru mjög súrrealistískar. Vofur þær sem veiða mannleg hjörtu eru sendiboðar Óðins, en hann er guð hernaðar og blóðs-úthellinga. Það styður kenningu mína að um Óðin sé hér að ræða, að í III. hluta *Dymbilvöku* kemur Valhallarminni fram, lögheimili Óðins. Útsendarar Óðins reyna að ala á ófriði í mannlegum hjörtum. Hvítir hvalir hafa verið túlkaðir sem kapítalistar,¹⁵ þeir eru keppinautar vofanna um hjörtun. Óðinn er líka guð skáldskapar og fiskarnir gætu verið vesæl skáld, föst í neti skáldskaparáráttunnar líkt eins og Hannes sjálfur.

¹⁵ Orðin „rauðir á hár“ hafa verið talin vísa til kommúnista.

Ljóðlínan „Ó vatn mitt liggðu kyrrt“ sýnir að mælanda er ekki rótt (vatnið gæti verið tákn fyrir huga ljóðmælanda). Tvö tákn, lilja og næturgali koma til sögu. Liljan tengist Maríu mey, sem sennilega hefur átt erfiða daga í dymbilvikunni fyrir líflát sonar síns. Hún er einnig tákn sakleysins sem sefur meðan allt hið illa viðgengst í heiminum. Næturgali er sennilega tákn skáldskaparins, kannski er hann eina haldreipið. Nú taka ýmsar hugsanir og minningar að sækja að og komið er miðnætti. (I.63) Skáldið ætlar að reyna að sofna. Þá er eins og vettvangur ljóðsins breytist og hafa menn séð þá breytingu hver frá sínum sjónarhóli. Ég tel að hér verði umhverfi ljóðsins að stjarnhimni. Línur 69-75 lýsa þá „uppstigningu“ ljóðmælanda; „næturrinnar hljóða fylgd“ (I.71) og „næturrinnar föli fylginautur“ (I.90) er tunglið í báðum tilvikum og það leiðir hann upp stigana til himins þar sem drottinn ekur í vagni sínum og sól (guð úr austri sem beinir örvum, þ.e. geislum I.91-2), tungl (sigð sem glottir kalt 93-4), og stjörnur taka á móti honum. Hvorutveggja, örvar og sigð, getur orðið mönnum skeinuhætt og því er ekki fráleitt að ætla að fulltrúar hervalds séu mættir til leiks, eins og margir telja, þá er myndin orðin tvöföld. „Næturrinnar hljóða konungsríki“ er stjarnhiminninn og drottning hans er skærasta stjarnan, leiðarstjarnan sem blik sést af í upphafi ljóðsins (I.13) og ljóðmælandi bindur vonir sínar við. Peter Carleton sem fjallar ýtarlega um *Dymbilvöku*, telur hinsvegar að hér átt við ástina, Amoru sem skáldið leitar að.¹⁶ Þegar hér er komið ljóði er liljan sofnuð og friður kominn á í huga ljóðmælanda. Lýkur hér fyrsta hluta, en „sögupráður“ hans eins og hann er rakinn hér, er fleygaður af innskotum og vísunum eins og „Fast reru þeir er hafa sjóinn sótt“ (I,12 og 54) og „Veit ég það Sveinki...“ (I,27).¹⁷ Innskot eins og þetta sem hér fer á eftir hefur valdið mönnum miklum heilabrotum, en það er úr sálmi í kvæðabók þeirri sem ljóðmælandi blaðar í;

Er nú sem halli vel af fótum fúnum
fáksins er dregur því hann blæs ei meir
blóðheitum anda sínum á mín vit.
(I, 82-4)

Carleton telur að hér sé vísað til tímans sem líður, en Örn Ólafsson telur þessa mynd vera ankannalega stælingu á formi hefðbundins skáldskapar

¹⁶ Peter Carleton 1979, „Dymbilvaka, skáldið í vitanum“ grein í TMM, bls. 71
¹⁷ um þessi innskot fjallar Peter Carleton ítarlega í grein sinni, t.d. bls. 65 og 68

en hugsunin sé annarleg.¹⁸ Ég tel að þetta sé einskonar sólarmynd þ.e. fákur sem dregur sólina að heiðnum sið, þá útleggjast þessar línur sem svo að þessi dagur komi ekki aftur, eða að það dagi aldrei meir.

Spakmælið í I, 2-3 og 87-8 er athygli vert;

Bleikum lit
bundin er dögum hver og dökkum kili . . .

Þetta myndmál býður upp á ótal túlkunarleiðir eins og Carleton bendir á, en ljóst er að hér er bókarlíking að baki. Ég sé fyrir mér að hver dögum sé bundin bleikum lit, þ.e. degi/morgni og hinn dökki kjölur dagsins sé nóttin. Spakmælið stendur í bæði skiptin með ljóðlínunni „Ég sem fæ ekki sofið“; mælandi veit að hverjum nýjum degi fylgir ný (andvöku) nótt.

Helstu andstæður sem teflt er saman í þessum fyrsta hluta *Dymbilvöku* eru kyrrð ~ hreyfing; þ.e. blævængur sem vindar veifa, kyrrt vatn (I,48-50), og hljómur ~ þögn; mjór silfurhljómur af skærum streng, næturinnar hljóða konungsríki (I, 96-8). (sjá skemu sem fylgir ritgerðinni).

Hvítir hvalir eru sjaldséð og framandi ferlíki (I, 32) svo og salir úr silki (I,33). Komið er lesanda á óvart með ýmsu móti, t.d. með því að gera ráð fyrir sigð í iðrum hvals (I,35-6). Og þarf nokkuð að taka það fram að skuggar séu blóðlausir (I, 5)? „Brúðkaupsljóð manns og moldar“ (I, 15) er greinilega dauðavísun, en yfir öllu kvæðinu hvílir dauðabeygur. Vissar hliðstæður má t.d. sjá í litunum sem notaðir eru, en þeir eru allir daufir, nema hið rauða hár: bleikur, grár, fölur, hvítur, daufur, gulnaður, óttagrár. Fleiri hliðstæður er að finna í orðfærinu, t.d. guðsörðin gyðja (I, 75), Guð (I, 76-77), drottinn (I, 80) guðir tveir (I, 91-2), og loks fjarlægur guð (I, 99) (sjá annars skemað um hliðstæður og andstæður). Þögnin, og orð sem tengjast henni, eru leiðarminni þessa hluta, en kyrrðin er skyndilega rofin í lokin af skærum hljómi.

Orðfærið í þessum hluta er ferskt, samsetningar eins og „vökupreytt augu“ og „feiknum háð sjón“ falla vel að efni kvæðisins. Orðið „blóðheitur“ fær nýja merkingu, hestur getur ekki verið blóðheitur, eins

¹⁸ Peter Carleton 1979, „Dymbilvaka...“ TMM bls. 70 og Örn Ólafsson 1992, Kóralforspil hafsins, bls. 106

og t.d. suðrænar blómarósir, heldur er hann það í merkingunni þrjátíu og sjö gráður og um leið fær orðið ónvekjandi blæ.

Myndir þessa hluta eru flestar eins og leiftur sem bregður fyrir, en vikið er að þeim aftur síðar í kvæðinu. Dæmi um þetta er t.d. Óðinsmyndin í I. hluta en hún er styrkt af Valhallarmynd í III. hluta; máni og vindur sem koma fram af og til í öllu kvæðinu; hjarta sem er kviksett í I, leyst úr viðjum í IV og múrað inni í V, o. s. frv. (sjá skemað).

II. hluti - ljónspófar og liljuvendir

Bygging þessa hluta er fastskorðuð hvað ljóðlínurnar varðar; 6, 2 x 3, 3 x 1 og 3 x 3 eða alls 24 ljóðlínur. Ekki er eins þægilegt að festa hendur á efninu. Fyrst segir frá miklum sviptingum, annaðhvort í veðrinu eða mannssálinni. Nýtt tákn, ljónið, kemur fram. Skáldið kyssir þófa þess eins og það væru hvítar liljur. Sú athöfn er tvítekin og með nokkurri eftirsjá í seinna skiptið (II, 7). Skáldið beygir sig á þennan hátt fyrir ofurefli, t.d. örlögunum og þá eru komin tengsl við skapanornir þær sem hræra í katli sínum nokkrum línunum neðar. Önnur túlkunarleið væri sú að segja sem svo að ljónið sé útlent fyrirbæri (breskt! og þá er það vísun í erlent hervald. En það er verst fyrir mig að Hannes segir sjálfur að þetta sé stormur.¹⁹ Þessi mynd er súrrealistísk, þ.e. tenging ljónspófa og liljuvandar er mjög óvænt. Títtnefndur Peter Carleton sér brim út úr þessari mynd en það er mér ómögulegt. Vindar þeir sem veifuðu blævæng í I. hluta (I,48-9) og greiddu vott hár stjörnuunnar (I, 73-4), hafa nú fengið öllu ábyrgðarmeira hlutverk, að veifa skikkju dauðans (II,5).

Línur 10-12 (II.) segja frá nornakatli sem hrært er í með jötnaþvöru. Þetta minnir mig óneitanlega á skapanornir heiðninnar, en Hannes vísar óspart í norræna goðafræði eins sést víða í kvæðinu. Þær ráða lífi og dauða hetjanna, sem fóru í stríð, en höfðu ekki erindi sem erfiði og eru heygðar í snænum. Og hetjurnar sáu ekki sólina og stjörnuhnar eins og mælandinn í uppstigningu sinni í I. hluta. Túlkun Carletons er allt önnur, hann telur að hetjur í haugi umljúki blinda vitfirlingu, eins og um kuml og haugfé sé að ræða og að óveður þurrki sól og stjörnur út svo mælandi

¹⁹ Hannes segir í viðtali sínu við Silju Aðalsteinsdóttur í TMM (1989 „Hægt felldi ég heim minn saman“, bls. 17) að „öskur ljónsins sé stormurinn.“

nái ekki áttum.²⁰ Hannes segir sjálfur að hér sé hann að fjalla um örlög mannkynsins, meðbræðra sinna á stríðshrjádum hnetti.²¹

Síðustu 9 línurnar eru skipsmynd, e.t.v. sálarskip mælanda sem fer hallt á hlið, eða skip vona hans og drauma. Því er ógnað af djúpsins vættum og ofureflinu, örlögunum eða erlendu hervaldi (ljóninu). „Ég“ kvæðisins stígur fram, og síðustu línurnar lýsa því hvernig skip hans reyndi að færa honum „einstakt ljós“ en komst aldrei alla leið. Hannes segir um þessar línur að hér gerist hann „[...] ármaður sem varar við hættum, og þóttist þó vita að það væri til lítils...“.²² Þessi mynd fellur líka vel að ævi Hannesar sjálfs, hann var afar eirðarlaus og óstaðfastur og glutraði mörgum gullnum tækifærum til að verða að „manni“ eins og lesa má í endurminningum hans.

Þessi hluti kvæðisins er dreginn sterkum línunum, litirnir eru svartur og hvítur, og mikið ber á andstæðum (sjá skemað). Umhverfið er land og sjór sem ekki hefur verið kortlagt, enda aðeins til í hugarheimi skáldsins. Ég get engan veginn fallist á að það þurfi endilega að vera Reykjanesviti, eins og Carleton vill halda fram.

III. hluti - „dýpra en eigin vitund“

Hér er lesandi snögglega hrifinn undir yfirborð jarðar, þar sem huldumaður gengur um gólf. Um þessa mynd segir Hannes; „Þetta er eitthvað dýpra en eigin vitund - eitthvað sem er bak við allt.“²³ Hannes segist trúá á að hið góða sigri að lokum, svo huldumaðurinn sem geymir töfraorðið gæti verið persónugervिंगur þess góða í manninum. Peter Carleton bendir á marga túlkunarmöguleika í þessu sambandi.²⁴ Mér dettur í hug að huldumaðurinn sé hliðstæða huldumeyjarinnar sem ekki má svíkja ef dauðinn á ekki að vera manni erfiður.

²⁰ Peter Carleton 1979, „Dymbilvaka, skáldið í vitanum“, TMM bls. 71

²¹ sbr. Hannes Sigfússon 1985, Framhaldslíf förumanns, bls. 41

²² Hannes Sigfússon 1985, Framhaldslíf förumanns, bls 41-2

²³ Silja Aðalsteinsdóttir 1989, „Hægt felldi ég...“ viðtal í TMM, bls. 22

²⁴ sjá Peter Carleton 1979, „Dymbilvaka...“ TMM bls. 72

Næsta mynd stendur stök og sækir efnivið sinn enn í norræna goðafræði. Hún er tengd sigri hins illa (Loki vélar Höð) yfir hinu góða (Baldur) og ragnarökum þar með:

Íð efra léku iljar dans og teiti
Og undir reiddum hamri þrumuguðsins
reis upp með steigurlátum Höður blindi
(III, 16-18)

Í þessum línum felst einnig tortímingarhættan yfir mannkyninu, enn látum við glepjast af steigurlátum hinna ýmsu „mannkynslaunara“ og í þeirra nafni eru framin ótal illvirki um allan heim.

Grímumenn sem þramma yfir sviðið (III, 9) minna á leiksviðstjaldið í II. hluta (l. 22), og aftur er vikið að þessari mynd síðar en þá líkir ljóðmælandi sér við strengjabrúðu sem stjórnað er með ósýnilegum þráðum. Máttleysið er algert, hann getur ekki gripið inn í atburðarásina og þetta kemur enn betur fram í þrítekinni ásökun;

Ó þú sem veldur hvorki önd né æði
en eigrar milli svefns og vöku
(III, 27-32)

Næst er tvítekin hin undarlegu hvatningarorð „Svona upp með þig það er glas en þau eru ættuð frá Eyðilandi T.S. Eliots²⁵ og merkja að liðið sé að lokunartíma á vertshúsum Lundúnaborgar.²⁶ Og ekki stendur á viðbrögðunum, horfið er á vit fornra guða og bardagi hefst. Hann er jafn tilgangslaus og orrustur Einherja í Valhöll, það er barist bardagans vegna, menn hafa ekkert upp úr krafsinu nema ótta og tómleika; „Og tómlát gleði rann úr öðru auga / en óttaslegin spurn á reiki í hinu“ (III, 43-4).

Þá er 2. persóna ávörpuð, „þú er sefur“. Er það huldumaðurinn (lífið) (en áður er komið fram að hann er undir moldum, III, 2) eða Amora,

²⁵ Um áhrif *Eyðilandsins* á Hannes (en hann reyndi að þýða það og e.t.v. varð það kveikjan að *Dymbilvöku*) hefur Eysteinn Þorvaldsson skrifað merka grein í Mími árið 1979: „Dymbilvaka. Athugun á upphafi modernismans í íslenskri ljóðagerð“.

²⁶ Í þýðingu Sverris Hólmarssonar eru þessi ljóðlína svo: „KLÁRIÐ ÚR GLÖSUM, VIÐ LOKUM“ (T.S. Eliot 1990, *Eyðilandið*, bls. 14-15)

ástin? Hvort sem það er, þá stígur „ég“ kvæðisins aftur fram hér og þráir frið og kyrrð eins og forðum. En sú ósk rætist ekki, það er allt missýning og misheyrn (III,59-60). Fíring nútímans verður ekki umflúin, flótti gerir sama gagn og fiðluleikurinn hinni brennandi Rómaborg. En þrátt fyrir að útlitið sé slæmt, lýkur ljóðinu á hvatningarorðum.

Þær andstæður sem mest ber á eru opinn ~ luktur (sjá skemað). Athygli vekur að það fólk sem kemur við sögu er í einskonar hringrás, þ.e. draugur - dauðlegur maður - huldumaður - og loks guð. Kvæðið hefur alþjóðlega skírskotun, þ.e. þjóðsagan af Neró, en er um leið séríslenskt, sbr. hinn íslenska huldumann. Síðastu línurnar eru endurminning um ástina, kannski um ást Amoru og skáldsins.

Persónugervinga er víða að finna í þessum hluta, svo og viðlíkingar sem þó eru fáar í kvæðinu öllu, en móðernistar aðhylltust frekar myndhvörf.²⁷ Dæmi um viðlíkingar eru „líkt og brúða úr hálm“ (22) og „eins og bylgja“ (55) Augu sem horfa af veggjum eru óhugnanleg myndhvörf, svo og hamur dauðlegs manns, en þessi fyrirbæri eru súrrealistísk og framandi.

Litirnir eru „virðulegir“, dumbrauður, unaðsgrænn, blár og dökkur. Orðfæri í bardagakafli fellur vel að efninu; ólmir fákar, þungar lensur, fjaðurskúfar og sporar, en allt minnir þetta á burtreiðar sem reyndar tíðkuðust ekki hér á landi svo vitað sé.

IV. hluti - Kóralforspil hafsins

Form kvæðisins er hér frjálslegra en áður, enda hjartsláttur skáldsins leystur hér úr viðjum (IV,3)! Þessi hluti er stuttur og fjallar um feigð, hrörnun og dauða. Brugðið er upp súrrealískum náttúrumyndum til að lýsa dapurlegu hugarástandi skáldsins, þ.e. hér er hlutlæg samsvörun tilfinninga á ferð.²⁸

²⁷ sbr. Halldór Guðmundsson 1978, „Sjödægra...“ grein í Svart á hvítu, bls. 3

²⁸ sbr. Halldór Guðmundsson 1978, „Sjödægra...“ bls.3 og Hugtök og heiti 1983, bls. 189

Haustið er alþekkt í myndmáli sem lokaskeið, það er undanfari endalokanna. Persónugervingar eru áberandi í myndmáli þessa hluta; t.d. eru andvari, feigð og máni persónugerð. Að láta vindinn fletta blöðum skógartrjána (IV, 2) er nokkuð ferskt en það er mjög í anda móðernisma að byggja á slíkum óvæntum orðatengslum.²⁹ Sama gildir um orð eins og „kóralforspil“ sem er gullfallegt. Tvöfalda merkingu má leggja í þessar línur;

Og vindur haustsins les mér feigðarorð
af bleiku laufi sem til moldar fellur
(IV, 20-21)

Sögnin að lesa hefur tvær merkingar og báðar gætu átt við hér, annaðhvort þannig að vindurinn segi „mér“ af feigðinni eða að hann safni saman feigðarorðunum. Klukkustrengurinn (IV, 14) vísar til kólfsins þunga og dumba (sbr. I, 18) sem vísað er til í nafni kvæðisins. Umhverfið er aðeins til í huga skáldsins, skógur eða skógarkirkja þar sem guð fléttar myrtussveiga og hafið sér um forspilið, ákaflega falleg mynd og nýgjörvingsleg, en síðar varð Hannes einmitt þekktur fyrir slíkar glæsilegar nýgjörvingar.³⁰

Litir eru hér daufir og fölr eins og í I. hluta. Hliðstæður má finna með orðum þeim sem tengjast kirkjuhaldi; -forspil, klukkustrengur, skógarguð og heilagt sólskin. Nóttin, andvarinn og fleiri fyrirbæri eru persónugerð, hún hvílir í silkivögg, hann fléttar reipi. Skógarguðinn fléttar einnig, en það eru myrtussveigar. Einu andstæðurnar sem ég kem auga á hér eru reipi ~ sveigur (nytsamlegt - meðaljón - efni ~ skraut - skáld - andi). Þessi hluti er mjög heilsteyptur, t.d. er hann rammaður inn af orðunum „í fyrsta sinn“ (8) og „í hinsta sinn“ (26).

V. hluti - Í steindri þögn

Regluleg hrynjandi og stuðlar eru nú látin lönd og leið. Hjartslátturinn nýfrjálsi hefur verið sviptur frelsi sínu og múraður inni. Umhverfið er kuldalegt, úr steini og steind þögn ríkir. Í þessari auðn er vitinn, sem Carleton segir svo skemmtilega að sé „greinilega viti“ í þessum hluta

²⁹ sbr. Eysteinn Þorvaldsson 1980, Atómskáldin, bls. 236-7

³⁰ sbr. t.d. ljóð Hannesar *Afríka* í ljóðasafni hans frá 1982, bls. 146

kvæðisins.³¹ Fyrst er vitinn eins og blys sem „ég held beinum armi“ (V, 10-11) en í næstu ljóðlínu er hann orðinn steinbákn sem „ég“ veld veikburða armi. Þarna takast á andstæðurnar styrkur ~ veikleiki. Loks hefur skáldið samsamað sig vitanum;

Sjá ég er vitinn
þar sem auðnin ákallar dauðann
(V, 15-16)

Vitinn gæti verið tákn lífsins, ljósberinn í myrkrinu, það góða í manninum og þá eina vonin í hrellingum heimsins (fyrir utan það að hann er gríðarstór phallos).

Enn er ávörpuð 2. persóna sem gæti verið farmaður (tæplega þó vegna þankastrika), Amora, eða lífið sem ferðast í dimmviðrum (þ.e. slæmum tímum) með manngæskuna sem skáldið trúir á. Lífið drúpir þá höfði því viskan færði því tortíminguna (atómsprengjuna) og veit ekki lengur hvar gæsku er að finna. Skáldið reynir að grípa í skikkjufald dauðans (sem einnig kom fyrir í II, 5) en máttleysið og óttinn koma aftur yfir hann. Þessu öllu er lýst í nútíð, en í línu 32 skiptir um svið og liðin tíð tekur við. Þá kemur Amora;

Ég heyrði þig nálgast
sem hafmey úr frumskógi djúpsins
á hljóðum öldum
með heilaga þrá í augum
(V, 35-8)

Hér hlýtur ástin að vera ferð, en getur verið að hún sé forboðin? (sbr. V, 31) Hafmeyja er undarlegt tákn fyrir ástkonu, hún er jú djúpsins vættur (sbr. II,17) sem hefur svarið að granda skáldinu. Kannski býður hún faðm dauðans sem einu mögulegu lausnina á öllum vanda. En skáldið bandar þeirri lausn frá sér;

Og ég hrópaði í angist af öræfum landsins:
Ó Amora! Ekki hingað!
(V, 39-40)

³¹ Peter Carleton 1979, „Dymbilvaka...“ í TMM bls. 77

Helstu andstæður í þessum lokapætti eru líf ~ dauði; mennskur svipur ~ hauskúpa dauðans (7-8); sterkur ~ veikburða; sjón ~ blinda. Hliðstæður eru í upphafsorðum 5 ljóðlína; sjá, sjáðu, sjá, sjáðu, sjáðu; sem sennilega er áminning um að enginn megi undan líta.

Hér lýkur kvæðinu á trúverðugan og angistarfullan hátt, engin lausn hefur fundist á vanda heimsins og finnst ekki enn.

III. Úr sársaukafullum myrkviði

Hannesi Sigfússyni hefur tekist að skapa framandi og dularfulla veröld í ljóðabálki sínum, *Dymbilvöku*. Myndmálið er gullfallegt, torráðið og ferskt og mun vafalítið vefjast fyrir fleirum en mér að koma því heim og saman. Hver hluti fyrir sig er heillandi, en erfitt er að koma auga á heildarsvip ljóðsins alls. Þó má greina vissar tengingar eins og ég hef tínt til, t.d. ferlið úr byggð í óbyggð (sjá skemað), hjartað sem fær illa meðferð, ástina og dauðann, endurtekningu mynda og fleira mætti nefna. Dauðabeygur og tortímingarhætta einkenna allt ljóðið og töfrar þess eru að mínu mati fólgnir í óvissunni í lokin. Peter Carleton er mjög óánægður með endi ljóðsins en hann tengir það beint við íslenskan veruleika og umhverfi árið 1949, þ.e. túlkar það sem pólitíska allegóríu. Þá er ljóðið rækilega njörvað niður í tíma og rúmi og glatar óneitanlega nokkru af töfrum sínum fyrir bragðið. Carleton opnar þó smugu fyrir sálfræðilega túlkun³² og er ég hallari undir þá aðferð en ekki alveg sátt við leiðina sem Carleton velur. Hann er barn síns tíma, ógnir atómsprengjunnar hvíldu á honum eins og mara. En mín kynslóð er fædd í merki atómsprengjunnar. Ég og jafnaldrar mínir óttumst brot á mannréttindum öllu meira, pyndingar, nauðganir og aftökur án dóms og laga eru daglegt brauð sumstaðar í heiminum, og við fáum ekki rönd við reist. Við leitum að lífsfyllingu, merkingu og „tilgangi með þessu jarðlífi“ sem er brotakennt, órökrétt og hryllilegt. Hannes tjáir vel þetta lífsviðhorf og þennan veruleika í *Dymbilvöku* og hann gefur okkur örlitla von um að heimurinn geti orðið betri. Ólafur Jónsson ~~heftir~~ orðaði þetta hnyttilega:

Hannes er innhverft, innblásið skáld: ljóð hans virðist knúið áfram af nauðsyn að greiða úr persónulegum lífsvanda, gera upp við sig jákvæða heimssýn úr sársaukafullum myrkviði tilfinninga og skynjana, og yrkja á þeim forsendum skorinort og jafnvel feginslega.³³

Liðin er tæp hálf öld síðan Hannes birti ljóð sitt, fjórtán ár síðan Carleton fjallaði um það og enn leggja ljóðaunnendur höfuð í bleyti þegar *Dymbilvaka* er til umræðu, og ekki er von að öllum beri saman.

³² Peter Carleton 1979, „Dymbilvaka...“, í TMM bls. 78-9

³³ Ólafur Jónsson 1979, Líka líf, bls. 50

Ég lýk þessari umfjöllun um *Dymbilvöku* með orðum Hannesar sjálfs³⁴ um þetta merka ljóð sitt, en þau minna á að enn er ekki endanleg túlkun fundin (sem betur fer!): „Heimur þessa ljóðs er mér nú jafn framandi og hverjum öðrum“.

³⁴ Hannes Sigfússon 1958, „viðtal við hannes sigfússon“ í Birtingi, bls. 6

Heimildaskrá

- Breton, André 1962. **De surrealistiske manifeste**
på dansk ved Finn Hermann
København, Gyldendals Uglebøger
- Carleton, Peter (Kári Marðarson) 1979. „Dymbilvaka, skáldið í vitanum“
Tímarit máls og menningar 1. tbl. 40. árg.
- Eliot, Thomas Stearns 1990. **Eyðilandið**
Sverrir Hólmarsson þýddi og annaðist útgáfuna
Reykjavík, Iðunn
- Eysteinn Þorvaldsson 1975. „Dymbilvaka. Athugun á upphafi
móðernisma í íslenskri ljóðagerð“
Mímir, tbl. árg.
- Eysteinn Þorvaldsson 1980. **Atómskáldin, aðdragandi og upphaf
móðernisma í íslenskri ljóðagerð**
Fræðirit 5, Rannsóknastofnun í bókmenntafræði H.Í.
Reykjavík, Hið íslenska bókmenntafélag
- Halldór Guðmundsson 1978. „Sjödægra, móðernisminn og syndafall
Íslendinga“
Svart á hvítu, 2. tbl. 2. árg.
- Hannes Sigfússon 1958. „viðtal við hannes sigfússon“
Birtingur, I. hefti
- Hannes Sigfússon 1982. **Ljóðasafn**
myndir eftir Kjartan Guðjónsson
Reykjavík, Iðunn
- Hannes Sigfússon 1985. **Framhaldslíf förumanns**
endurminningar Hannesar Sigfússonar skálds
Reykjavík, Iðunn
- Íslensk orðabók handa skólum og almenningi, 2. útg. 1983
ritstjóri: Árni Böðvarsson
Reykjavík, Bókaútgáfa Menningarsjóðs

- Matthías Viðar Sæmundsson 1991. **Myndir á sandi, greinar um
bókmenntir og menningarástand**
Fræðirit 8
Reykjavík, Bókmenntafræðistofnun H.Í.
- Ólafur Jónsson 1979. **Líka líf, greinar um samtímabókmenntir**
Reykjavík, Iðunn
- Silja Aðalsteinsdóttir 1989. „Hægt felldi ég heim minn saman“
viðtal við Hannes Sigfússon um skáldskap og sannleika
Tímarit máls og menningar, 1. tbl. 50. árg.
- Sveinn Skorri Höskuldsson 1970. **Að yrkja á atómöld**
Reykjavík, Helgafell
- Örn Ólafsson 1992. **Kóralforspil hafsins, módernismi í íslenskum
bókmenntum**
Akureyri, Skjaldborg

Dymbilvaka

- hliðstæður, andstæður -

	I. HLUTI	II. HLUTI	III. HLUTI	IV. HLUTI	V. HLUTI
hliðst.	hljóð fylgd nætur, hvísla, hljóðlega ekið, næturinnar hljóða konungs- ríki gyðja, Guð, drottinn, guðir tveir, fjarl. guð	myrkur skuggi skuggafingur skuggi á tjaldi	sjón, hlustir; draumsjón, misheyrn	-forspil klukkustrengur skógarguð heilagt sólskin	hamar apall steinbaki steind bögn
andst.	hreyfing - kyrrð hljómur - þögn	svart - hvítt skuggi - birta hiti - kuldi líf - feigð blinda - eygja ljós - myrkur	opinn - luktur gneypur - teitur glóð - gjall	reipi - sveigur	líf - dauði sterkur - veikur sjón - blinda logasterk augu - myrkvuð augu

Dymbilvaka

- tími, umhverfi, litir -

	I. HLUÐI	II. HLUÐI	III. HLUÐI	IV. HLUÐI	V. HLUÐI
tími	nótt	svo liðu dægrin	morgunn kvöld	nótt	nótt öræfi
	fullt tungl	myrkur	myrkur	hálfur máni	skarður máni

umhv.	herbergi	við sjóinn?	neðan- jarðar	í skógi? í kirkju?
	stjarnhiminn?		Ásg., Valh.	

daufir litir	svart / hvítt	virðul. litir	draugal. litir	grár...
bleikur, hvítur		dumbrauður	logahvítur	
gulnaður, fólur		unaðsgrænn	bráfölur, bleikur	

BYGGÐ „SÁLARLÍF, ANDLEGT LANDSLAG“ ÖBYGGÐ
KVIKS. HJARTA (I) HJ. FRJÁLST (IV) HJ. ÓFRJÁLST (V)